

Súðavíkurhreppur
Jóhann Birkir Helgason
Grundarstræti 1-3
420 Súðavík

Reykjavík, föstudagur, 17. desember 2021
UST202111-222/A.B.
10.04.02

**Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 2020 – 2032 -
Iðnaðarsvæði innan Langeyrar og íbúðarsvæði neðan Aðalgötu**

Vísað er til erindis Súðavíkurhrepps er barst 23. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 2020 – 2032 vegna iðnaðarsvæðis innan Langeyrar og íbúðarsvæðis neðan Aðalgötu.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að stækka fyrirhugaða landfyllingu og iðnaðarsvæði (I9) innan við Langeyri stækkar til suðurs, að jörðinni Hlíð. Að norðanverðu stækkar athafnasvæði AT1 um 0,3 ha og I9 minnkar þar sem því nemur. Í heild stækkar iðnaðarsvæði I9 um 0,5 ha. Breyting á svæði AT1 er gerð til að öll lóð Langeyrar 2 tilheyri athafnasvæðinu. Opna svæðið sem liggur á milli iðnaðarsvæðisins og Aðalgötu lengist sem nemur stækkun iðnaðarsvæðisins. Óbyggða svæðið sunnan landfyllingarinnar minnkar sem nemur lengingu I9 og opna svæðisins. Með stækkuninni skapast rými fyrir hráefnisþrær í tengslum við fyrirhugaða kalkþörungaverksmiðju og þar með dregur úr hættu á mengun í sjó vegna kalkþörungasetts sem dælt verðu í land. Einnig er gert ráð fyrir að breyta svæði fyrir þjónustustofnanir neðan Aðalgötu, við Ákabúð, í íbúðarsvæði.

Umhverfisstofnun hefur fari yfir ofangreinda lýsingu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur